

## 1999 nr. 99 27. desember

### Lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Tóku gildi 30. desember 1999. Breytt með l. 158/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 34/2001 (tóku gildi 16. maí 2001), l. 144/2001 (tóku gildi 1. jan. 2002), l. 37/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 157/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 137/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004), l. 134/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 32/2005 (tóku gildi 25. maí 2005; EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 2002/92/EB), l. 130/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 168/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 154/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 153/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 139/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 150/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 120/2011 (tóku gildi 1. des. 2011; EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 2007/64/EB), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 182/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 132/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), l. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrrimælum í 49. gr.), l. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrrimælum í 30. gr.), l. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–dliður 1. gr. 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrrimælum í 59. gr.), l. 118/2016 (tóku gildi 1. apríl 2017), l. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c–liður 8., 9., 18., r–liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s–liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrrimælum í 62. gr.), l. 96/2017 (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018; komu til framkvæmda skv. fyrrimælum í 49. gr.), l. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018) og l. 138/2018 (tóku gildi 28. des. 2018 nema 1.–13., 17., 19., 23.–28. og 31. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrrimælum í 32. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr. Almennt ákvæði.

- [Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skv. 5. gr. skulu standa straum af kostnaði við [opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi]<sup>1)</sup> í samræmi við ákvæði laga þessara.]<sup>2)</sup>
- [Eftirlitsgjald samkvæmt lögum þessum er innheimt af Fjármálaeftirlitinu og rennur í rkissjóði.
- Ráðherra skal á grundvelli fjárlögum ákvárdar fjárveitingu til reksturs Fjármálaeftirlitsins sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af eftirlitsgjaldi og greiðslur fyrir sertækjar aðgerðir samkvæmt lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 47/2018, 38. gr. <sup>2)</sup> L. 154/2007, 1. gr.

#### ■ 2. gr. Skýrsla um álagningu næsta árs.

- Fyrir [1. febrúar]<sup>1)</sup> ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa [ráðherra]<sup>2)</sup> skýrslu um áætlaðan rekstrarostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnfram lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.
- Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því álti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en [1. janúar]<sup>1)</sup> ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.
- Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundradashluta eftirlitsgjalds skal [ráðherra]<sup>2)</sup> leggja frumvarp þar að lítandi fyrir Alþingi.

<sup>1)</sup> L. 47/2018, 39. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 290. gr.

#### ■ 3. gr. Ráðstöfun rekstrarafgangs og rekstrartapars.

- Sé áætlað að rekstrarafgangur verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skal tekið tillit til hans við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs. Sé áætlað að rekstrartap verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á

því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skal taka tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs.

- [Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Eigið fé sem halddið hefur verið eftir skv. 1. málsl. skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfsemanni. Hámark eigin fíjár sem heimilt er að halsa eftir samkvæmt þessari málsgrein er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Heimilt er að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlunarir vegna ófyrirséðra atvika.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 168/2006, 1. gr. sbr. einnig brbákv. s.l.

#### ■ 4. gr. [Álagningstarstofn.

- [Álagningstarstofnar eftirlitsgjalds eftirlitsskylds aðila skv. 1.–9. og [11.–12. tölul.]<sup>1)</sup> 1. mgr. 5. gr. þó ekki þeirra er greiða skulu fast gjald, eru efnahags- eða rekstrarliðir samkvæmt ársreikningi eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.]<sup>2)</sup>

- [Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast er álagningstarstofn eftirlitsgjalds hins sameinaða aðila samanlagðir efnahags- eða rekstrarliðir þessara aðila samkvæmt ársreikningu þeirra fyrir næstliðið ár.]<sup>2)</sup> Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess.

- [Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi vegna fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota efnahags- eða rekstrarliði samkvæmt honum sem álagningstarstofn. Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila. [Lígt hvorki ársreikningur né stofnefnahagsreikningur fyrir er heimilt að leggja bráðabirgðaeftirlitsgjald á viðkomandi aðila á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings. Bráðabirgðagjaldið skal endurskoðað þegar ársreikningur eða stofnefnahagsreikningur liggur fyrir.]<sup>3)</sup> Þegar um er að ræða nýtt våtryggingafélag sem tekið hefur að öllu leyti við våtryggingarstofni eldra félags skal álagningstarstofn vera bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi eldra félagsins.]<sup>2)</sup>

- Álagningstarstofn eftirlitsgjalds á útgefendur fjármálageringa, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálageringa hér á landi, er markaðsvirði þeirra í árslok næstliðins árs þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin, sbr. nánar [6. og 7. mgr. 5. gr.]<sup>4)</sup> Álagningstarstofn vegna fjármálageringa sem teknir eru til skráningar á því ári sem skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin skal vera markaðsvirði þeirra í lok þess sama árs. Með markaðsvirði er átt við nafnvirði fjármálagerings margfaldað með gengi samkvæmt upplýsingum skipulegs verðbréfamarkaðar og markaðstorgs fjármálageringa.

- Álagning eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila skv. 1.–3. mgr. er óháð álagningu eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila sem eru útgefendur fjármálageringa skv. 4. mgr.

- Hafi tveir eða fleiri útgefendur fjármálageringa, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálageringa hér á landi, sameinast er heimilt að miða álagningu við samanlagt markaðsvirði fjármálageringa þeirra.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 125/2015, 45. gr. <sup>2)</sup> L. 139/2009, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 150/2010, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 126/2016, 18. gr. <sup>5)</sup> L. 154/2007, 2. gr.

- **5. gr.** [Gjaldskyldir aðilar, álagningarástofn og álagt gjald.]<sup>1)</sup>
- [Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarástofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:
1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrtækir, greiðslustofnanir og rafeyrisskyrtækir skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.]:<sup>2)</sup>
    - a. Viðskiptabankar [0,0376%].<sup>3)</sup>
    - b. Sparisjóðir, lánaþyrtækir, greiðslustofnanir og rafeyrisskyrtækir [0,0387%].<sup>4)</sup>
  2. Vátryggingafélög skulu greiða [0,42%]<sup>3)</sup> af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.].<sup>2)</sup>
  3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða [0,35%]<sup>4)</sup> af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en [550.000 kr.].<sup>5)</sup>
  4. Verðbréfafyrirtækir skulu greiða [0,76%]<sup>3)</sup> af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.].<sup>2)</sup>
  5. Verðbréfamíðlanir skulu greiða [0,52%]<sup>2)</sup> af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en [700.000 kr.].<sup>2)</sup>
  6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða [0,0254%]<sup>3)</sup> af eignum rekstrarfélags og verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri þess samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.].<sup>2)</sup> Þá skulu fagfjárfestasjóðir í rekstri rekstrarfélags eða annars aðila greiða [0,0137%]<sup>3)</sup> af hreinnum eign viðkomandi sjóðs, þó aldrei lægri fjárhæð en [150.000 kr.].<sup>6)</sup>
  7. Verðbréfamíðstöðvar skulu greiða [0,8193%]<sup>4)</sup> af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.].<sup>5)</sup>
  8. Kauphallaðir skulu greiða [1,006%]<sup>4)</sup> af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.].<sup>5)</sup>
  9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða [0,0084%]<sup>3)</sup> af hreinnum eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem [1.400.000 kr.]<sup>5)</sup> fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, [2.500.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til og með tíu milljarða króna, [4.400.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til og með tuttugu og fimm milljarða króna, [8.100.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til og með fimm milljarða króna og [9.400.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
  10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur [600.000 kr.].<sup>5)</sup>
  11. Íbúðalanásjóður skal greiða [0,0092%]<sup>3)</sup> af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en [1.200.000 kr.].<sup>2)</sup>
  12. Láanasjóður sveitarfélaga ohf. skal greiða [0,0094%]<sup>3)</sup> af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en [700.000 kr.].<sup>2)</sup>
  13. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og ör-yggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, skulu greiða fastagjald sem nemur [700.000 kr.].<sup>5)</sup>
  14. Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 700.000 kr.
  - [15. Náttúruhamfaratrygging Íslands skal greiða fastagjald sem nemur 1.200.000 kr.]<sup>3)</sup>
- Einstaklingar og lögaðilar, aðrir en fjármálfyrtækir, sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 25. gr. a laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, skulu greiða fastagjald sem nemur [700.000 kr.].<sup>5)</sup>
- ...<sup>2)</sup>
- Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.
- Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur [1.700.000 kr.].<sup>5)</sup>
- Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal [450.000 kr.]<sup>5)</sup> fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, [1.200.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til og með tuttugu og fimm milljarða króna, [3.600.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til og með eitt hundrað milljarða króna, [6.600.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til og með fimm hundruð milljarða króna og [9.500.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.
- Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal [150.000 kr.]<sup>5)</sup> fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, [250.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til og með fimm milljarða króna, [550.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til og með tíu milljarða króna, [900.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til og með fimmtíu milljarða króna, [1.300.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til og með tvö hundruð milljarða króna og [1.500.000 kr.]<sup>5)</sup> vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.
- [Fjármálfyrtækir sem er stýrt af slítastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálfyrtækir, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þess hefur verið afturkallað, greiðir fastagjald. Gjaldið miðast við það starfsleyfi sem fyrirtækið hafði áður en það fór undir yfírráð slítastjórnar eða bráðabirgðastjórnar og greiðist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun: Viðskiptabankar [3.000.000 kr.],<sup>6)</sup> aðrar lánastofnanir [1.500.000 kr.]<sup>6)</sup> og önnur fjármálfyrtækir [500.000 kr.]<sup>6)</sup> Gjald samkvæmt þessari málsgrein greiðist þangað til slitum er lokið en um gjaldið fer skv. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrirtæki greiðir eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi töluliðum 1. mgr. þar til það fer undir yfírráð slítastjórnar eða bráðabirgðastjórnar en hlutfallslega skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar frá því tíma-marki.]<sup>7)</sup>
- [Lánveitendur sem skráðir eru skv. XIII. kafla laga um fasteignalán til neytenda skulu greiða fastagjald sem nemur 1.000.000 kr.
- Lánamiðlarar sem skráðir eru skv. XIV. kafla laga um

fasteignalán til neytenda skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr., en þó ekki sammingsbundnir lánamiðlarar.]<sup>8)</sup>

□ Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.<sup>9)</sup>[<sup>10)</sup>

<sup>1)</sup> L. 157/2002, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 125/2015, 46. gr. <sup>3)</sup> L. 138/2018, 12. gr. <sup>4)</sup> L. 96/2017, 25. gr. <sup>5)</sup> L. 126/2016, 19. gr. <sup>6)</sup> L. 140/2013, 12. gr. <sup>7)</sup> L. 132/2012, 1. gr. <sup>8)</sup> L. 118/2016, 64. gr. <sup>9)</sup> Áður 8. mgr. Færð skv. I. 126/2016, 19. gr. <sup>10)</sup> L. 182/2011, 1. gr.

## ■ 6. gr. Framkvæmd álagningar og innheimtu.

□ Álagning eftirlitsgjalds samkvæmt lögum þessum skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Fjármálaeftirlitrið skal gera eftirlitsskyldum aðilum [og öðrum gjaldsskyldum aðilum]<sup>1)</sup> grein fyrir álagningunni með bréfi.

□ Eftirlitsgjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september. [Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur [500.000 kr.][<sup>2)</sup> eða lægri fjárhæð né til eftirlitsgjalds skv. [8. mgr. 5. gr.]<sup>3)</sup> en þessi gjöld skal innheimta í einni greiðslu 1. febrúar.]<sup>4)</sup>

□ Hefji eftirlitsskyldur aðili starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 1. mgr. skal leggja á hann eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 5. gr., sbr. og 3. mgr. 4. gr., og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins takा mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á eftirlitsgjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. [Hætti eftirlitsskyldur aðili starfsemi áður en eftirlitsgjald er að fullu greitt fellur niður sa hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi, sbr. þó [8. mgr. 5. gr.]<sup>5)</sup> [Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til álagningar eftirlitsgjalds á fagfjárfestasjóði skv. 2. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 5. gr., en árleg álagning eftirlitsgjalds á sjóðina miðast við formlega skrá Fjármálaeftirlitsins yfir þessa sjóði í byrjun álagningarárs og verður þeirri álagningu ekki breytt innan ársins.]<sup>6)</sup>

□ [Ákvæði [5. málsl.]]<sup>7)</sup> 3. mgr. gildir eftir því sem við á [um útgefendur fjármálagerninga]<sup>8)</sup> sem teknir hafa verið úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi á álagningarári.]<sup>9)</sup>

□ Sé eftirlitsgjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

□ [Vanræki eftirlitsskyldur aðili greiðslu eftirlitsgjalds er heimilt að afturkalla starfsleyfi í samræmi við þau lög sem um viðkomandi starfsemi gilda, enda séu liðnir sex mánuðir frá fyrsta gjalddaga í vanskilum.]<sup>10)</sup>

□ Heimilt er Fjármálaeftirlitinu að ákværða álagningu eftirlitsgjalds að nýju gagnvart tilteknum eftirlitsskyldum aðilum reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

<sup>1)</sup> L. 154/2007, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 96/2017, 26. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2016, 20. gr. <sup>4)</sup> L. 139/2009, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 150/2010, 3. gr. <sup>6)</sup> L. 130/2005, 4. gr.

## ■ 7. gr. Greiðslur fyrir sértekar aðgerðir.

□ Telji Fjármálaeftirlitið að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir skal það gera stjórn stofnunarinnar grein fyrir því. Stjórn Fjármálaeftirlitsins getur þá ákvæðið að viðkomandi eftirlits-

skyldum aðila verði gert að greiða samkvæmt reikningi fyrir nauðsynlegt umframeftirlit.

□ [Fastagið fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila eru eftirfarandi:

1. Vegna viðskiptabanka, sparisjóða, lánavfyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja og vátryggingafélaga 1.000.000 kr.

2. Vegna verðbréfafyrirtækja, verðbréfamíðlana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og verðbréfamíðstöðva 500.000 kr.

3. Vegna annarra eftirlitsskyldra aðila 100.000 kr.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast gjalds fyrir afgreiðslu og skráningu sértekarar staðfestingar og mats sem leiðir af starfsemi stofnunarinnar en telst ekki þáttur í reglubundnu eftirlitli. Gjöld fyrir þessa þjónustu skulu tilgreind í gjaldskrá.]<sup>1)</sup>

□ [Gjaldskrá fyrir eftirlit skv. 1. mgr., afgreiðslu umsókna skv. 2. mgr. og þjónustu skv. 3. mgr. skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 139/2009, 4. gr.

## ■ 8. gr.

□ [Nú vill eftirlitsskyldur aðili ekki una ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértekar aðgerðir, sbr. 7. gr., og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan eins mánaðar frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni með bréfi Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki innheimtaðgerðum Fjármálaeftirlitsins né heimildum til aðfarar vegna krafnanna. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds verður ekki skotið til ráðherra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 168/2006, 3. gr. Þar er ekki kveðið á um að fyrirsögn greinarinnar „Keruleið“ falli brott en efnislegar breytingar fela það í sér að hún á ekki lengur við.

## ■ 9. gr. Gildistaka o.fl.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.<sup>2)</sup>

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 290. gr. <sup>2)</sup> Rg. 562/2001, sbr. 32/2009.

## ■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 1999, sbr. auglýsingu nr. 5 6. janúar 1999, um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999, er sem hér segir:

1. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,019425% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

2. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,3135% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,038% af bókfærðum endurtryggingsaiðgjöldum eins og iðgjöld þessi voru tilgreind í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Vegna söfnunarlítrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00931% af nettómismun iðgjaldaskuldard að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.

3. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,05035% af því iðgjaldamagni sem miðlað var á árinu 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

4. Á þá aðila sem falla undir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er álagningu háttad þannig að á sérhvert fyrirtæki í verðbréfajónustu er lagt 0,1015% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, á verðbréfasjóði er lagt 0,05481% af eignum samtals eins og

þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997 og á rekstrarfélög verðbréfasjóða er lagt 0,093888% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. á sérvvern aðila.

5. Á sérvvern aðila sem fellur undir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997.

6. Á sérvvern lífeyrissjóð sem fellur undir ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,00931% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 1997. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna í árslok 1997, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna í árslok 1997 og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir í árslok 1997. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga eins og

þeir voru í árslok 1997.

7. Á sérvvern aðila sem fellur undir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

□ Ráðherra samþykkir rekstraráætlun fyrir árið og auglýsingir í Stjórnartíðindum hundraðshluta álagðs eftirlitsgjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Eftirlitsgjaldið er innheimt af Fjármálaeftirlitinu og rennur til reksturs þess. Gjaldid greiðist ársfjórðungslega með fjórum jafnháum greiðslum. Gjalddagar eru 20. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, en eindagar 1. febrúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október.

□ Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er nýr á markaði skal miða álagningu við áætlun hans um rekstur fyrir næsta ár. Eftirlitsgjald vegna fyrsta starfsárs nýs eftirlitsskylds aðila skal miðast við áætlun hans um rekstur á því ári.